



Almenna bókafélagið, AB

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Dóm­smálaráð­herra – Menntamálaráð­herra – Fréttabréf – Kort með eftirprentun af málverki Ásgríms Jónssonar – Ásgeir Pétursson – Birgir Kjaran – Davíð Ólafsson – Guðmundur Benediktsson – Guðmundur G. Hagalín – Gunnar Gunnarson – Gunnar Thoroddsen – Haukur Thors – Jóhannes Nordal – sr. Jónas Gíslason – Karl Kristjánsson – Kristmann Guðmundsson – Lárus Jóhannesson – Loftur Bjarnason – Magnús Jónsson – Matthías Jóhannesson – Pétur Ólafsson – Ragnar Jónsson – Sveinn Benediktsson – Valtýr Stefánsson – Þorkell Jóhannesson – Þorvaldur Garðar Kristjánsson – Eyjólfur K. Jónsson – Jóhann Hafstein – Geir Hallgrímsson – Davíð Stefánsson – Jónas Rafnar – Kristján Albertsson – Tómas Guðmundsson –

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórn­málamaðurinn
Askja 2-18, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S T O F N F U N D U R

í Naustinu, uppi,

fimmtudaginn 27. janúar 1955 kl. 4 e.h.

Alexander Jóhannesson

Ásgeir Pétursson

BIRGIR KJARAN, BJARNI BENEDIKTSSON

Davíð Ólafsson

Davíð Stefánsson

EYJÓLFUR K. JÓNSSON, GEIR HALLGRÍMSSON

Guðmundur Benediktsson

Guðmundur G. Hagalín

Gunnar Gunnarsson

Gunnar Thoroddsen

Haukur Thors

JÓHANN HAFSTEIN

Jóhannes Nordal

sr. Jónas Gíslason

Jónas Rafnar

Karl Kristjánsson

Kristján Albertsson

Kristmann Guðmundsson

Lárus Jóhannesson

Loftur Bjarnason

Magnús Jónsson

Matthías Jóhannesson

Pétur Ólafsson

Ragnar Jónsson

Sveinn Benediktsson

Tómas Guðmundsson

Valtýr Stefánsson

Þórarinn Björnsson

Þorkell Jóhannesson

Þorvaldur Garðar Kristjánsson

S t j ó r n :

Bjarni Benediktsson
Alexander Jóhannesson
Jóhann Hafstein
Karl Kristjánsson
Þorkell Jóhannesson

-- 0 --

B ó k m e n n t a r á ð :

Birgir Kjaran
Davið Stefánsson
Guðmundur G. Hagalín
Gunnar Gunnarsson
Kristján Albertsson
Kristmann Guðmundsson
Ragnar Jónsson
Tómas Guðmundsson
Þórarinn Björnsson

1. gr. Félagið heitir
Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr. Tilgangur félagsins er að vinna að alhliða
menningarstarfsemi á þjóðlegum grundvelli, [m.a.] *[gust] [þremst]*
með bóka- og tímaritsutgáfu.
3. gr. Félagar geta allir orðið, enda greiði þeir
áskilið árgjald til félagsins.
Félagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum
félagsins umfram árgjald sitt.
4. gr. Í félaginu er fulltrúaráð, skipað 27-36 mönnum,
og hefur það æðsta vald í öllum málefnum félags-
ins. Meðlimir fulltrúaráðs eru kosnir á aðalfundi
fulltrúaráðs til þriggja ára, þannig að 1/3 þeirra
gengur úr ráðinu árlega, og skal þá allt fulltrúa-
ráðið kjósa jafn marga í þeirra stað. Fulltrúa má
endurkjósa.
5. gr. Fundi fulltrúaráðs skal boða með viku fyrirvara.
Aðalfund fulltrúaráðs skal halda í febrúar- eða
marz-mánuði ár hvert.
Stjórn félagsins boðar til fulltrúaráðsfunda.
Fimm fulltrúar geta og krafizt fundar.
Fulltrúaráð akveður árgjald félaga.
6. gr. Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins, og skal
hún skipuð 5 mönnum. Formaður stjórnar skal kosinn
sérstaklega.
Þá skal kjósa 9 manna bókmenntaráð. Formaður
þess skal og kosinn sérstaklega.
Ennfremur eru tveir endurskoðendur kosnir á
aðalfundi.
7. gr. Stjórn félagsins skuldbindur félagið, og er
undirskrift 2ja stjórnarmanna nægileg í þeim efnum.
Hefur stjórn félagsins heimild til þess að taka
lán fyrir félagið og veðsetja eignir þess.
Stjórnin ræður framkvæmdastjóra með prókúru-
umboði.
8. gr. Bókmenntaráð skal vera stjórninni og framkvæmda-
stjóra til ráðgjafar um val utgáfubóka félagsins og
annað, er lýtur að megin tilgangi félagsins.

9. gr. Endurskoðendur fara yfir reikninga félagsins, sem stjórn og framkvæmdastjóri skulu utbúa í hendur þeim. Reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.
10. gr. Samþykktum þessum verður aðeins breytt á fundum fulltruaráðs, þar sem mættir eru $\frac{2}{3}$ ráðsins og $\frac{2}{3}$ viðstaddra fulltrúa greiða breytingunni atkvæði.

Ákvæði til bráðabirgða:

Í upphafi mynda stofnendur félagsins fulltrúaráð þess, og skal $\frac{1}{3}$ þeirra ganga úr ráðinu hvor tvö fyrstu arin samkvæmt hlutkesti.

Ár 1955, fimmtudaginn 27. janúar
kl. 4 e.h. var haldinn fundur í Naustinu,
veitingastofu, uppi, til þess að stofna
bókmenntafélag.

Eftirtaldir menn voru staddir á
fundinum: Alexander Jóhannesson, prófessor,
Asgeir Pétursson, fulltrúi í menntamálaráðu-
neytinu, Birgir Kjaran, hagfræðingur, Bjarni
Benediktsson, ráðherra, Davíð Ólafsson, fiski-
málastj., Guðm. Benediktsson, lögfr., Guðm. G.
Hagalín, skáld, Gunnar Gunnarsson, skáld, Gunnar
Thoroddsen, borgarstjóri, Haukur Thors, forstjóri,
Jóhannes Nordal, hagfr., sr. Jónas Gíslason, Karl
Kristjánsson, alpm., Kristmann Guðmundsson, skáld,
Lárus Jóhannesson, alpm., Loftur Bjarnason, for-
stjóri, Magnús Jónsson, alpm., Matthías Jóhannes-
son, stud.mag., Pétur Ólafsson, blaðam., Ragnar
Jónsson, forstjóri, Sveinn Benediktsson, forstjóri,
Valtýr Stefánsson, ritstjóri, Þorkell Jóhannesson,
háskólarektor, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, lög-
fr., Eyjólfur K. Jónsson, stud.jur., Jóhann Hafstein,
bankastj., Geir Hallgrímsson, lögfr.

Bjarni Benediktsson, ráðh., bauð menn
velkomna til fundarins og skýrði frá tilefni hans.
Ráðherra gat þess að auk hans hefðu þeir Jóhann
Hafstein, Birgir Kjaran, Eyjólfur K. Jónsson og

Geir Hallgrímsson tók sig saman og undirbúið stofnun bókmenntafélags. Meðan á undirbúningi hefði staðið hafði komið í ljós, að ýmsir aðrir hefðu haft svipaðar ráðagerðir í huga og hefðu sumir þeirra verið boðaðir á þennan fund. Gat ráðh. þess, að auk þeirra, sem viðstaddir væru, hefðu þeir Davíð Stefánsson, skáld, Jónas Rafnar, alþm., Kristján Albertsson, rithöf., Tómas Guðmundsson, skáld, tjáð sig fúsa að taka þátt í stofnun bókmenntafélagsins, en Þórarinn Björnsson, skólam. væri enn ekki búinn að svara. Ráðh. lýsti síðan tilgangi slíks bókmenntafélags, að vinna að alhliða menningarstarfsemi á þjóðlegum grundvelli, og hvernig ætlunin væri, að félagið væri skipulagt og starfrækt.

Taldi ráðh. æskilegt, að félagið yrði stofnað á þessum fundi, ef viðstaddir fundarmenn væru reiðubúinir að gerast stofnendur þess.

Kristmann Guðmundsson, skáld, kvaddi sér hljóðs og lýsti ánægju sinni yfir stofnun bókmenntafélags sem þess, er nú væri fyrirhugað að stofna. Sagði ræðumaður frá starfi bókmenntafélaga í Þýzka-landi og Sviss og benti á nauðsyn þess, að félagið beitti sér fyrir tímaritaútgáfu.

Bjarni Benediktsson, ráðh. las síðan upp tillögu að lögum fyrir bókmenntafélagið og var síðan samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna að stofna bókmenntafélag.

Dr. Jóhannes Nordal, Ragnar Jónsson, forstj. og Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri vörpuðu því fram, að fresta bæri stofnfundi þannig að menn gætu athugað samþykktirnar nánar.

Gunnar Gunnarsson, skáld, þakkaði menntamálaráðh. forgöngu hans í þessu máli og benti á hin miklu verkefni, sem fyrir slíku félagi lögju.

Alexander Jóhannesson, prófessor, hvatti menn til þess að hefjast nú þegar handa, og sýna skörung í framkvæmdum öllum og sigla fullum seglum.

Bjarni Benediktsson, ráðh., taldi sjálf-sagt að fresta fundi til þess að menn fengju tækifæri til að athuga samþykktirnar nánar, ef óskir kæmu fram um það.

Sr. Jónas Gíslason og Kristmann Guðmundsson, skáld, tóku fram, að þeir gætu ekki mætt á framhaldsfundi, þar sem þeir ættu heimili utan bæjar.

Akveðið var að fresta stofnfundi til m.k. miðvikudags, 2. febrúar, kl. 4 e.h. á sama stað - eftir að þessi fundur hefði farið yfir lög félagsins grein fyrir grein og rätt þau.

Var síðan rätt um lög félagsins allítarlega og væntanlega starfsemi þess. Fóru umræður þessar fram í samtalsformi. Er frv. til laga félagsins fest inn í fundargerðarþók félagsins.

Ákveðið var, að þeir 5 menn, sem undir-
bjuggu þennan fund, skyldu vera í fyrirsvari fyrir
félagið, þar til lög væru samþykkt og stjórn kosin.

Bjarni Benediktsson, ráðh. sleit síðan
fundi með nokkrum orðum og áréttaði, að allir við-
staddir væru skoðaðir sem stofnendur félagsins.

TILLAGA UM LÖG FYRIR BÖKMENNTAFÉLAG.

1. gr. Félagið heitir.
Heimili og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr. Tilgangur félagsins er að vinna að alhliða menningarstarfsemi á þjóðlegum grundvelli, fyrst og fremst með bóka- og tímaritsútgáfu.
3. gr. Félagar geta allir orðið, enda greiði þeir áskilið árgjald til félagsins.
Félagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram árgjald sitt.
4. gr. Í félaginu er fulltrúaráð, skipað 27-36 mönnum, og hefur það æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meðlimir fulltrúaráðs eru kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs til þriggja ára, þannig að 1/3 þeirra gengur úr ráðinu árlega, og skal þá allt fulltrúaráðið kjósa jafn marga í þeirra stað. Fulltrúa má endurkjósa.
5. gr. Fundi fulltrúaráðs skal boða með viku fyrirvara. Aðalfund fulltrúaráðs skal halda í febrúar- eða marz-mánuði ár hvert.
Stjórn félagsins boðar til fulltrúaráðsfunda. Fimm fulltrúar geta og krafizt fundar.
Fulltrúaráð ákveður árgjald félaga.
6. gr. Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins, og skal hún skipuð 5 mönnum. Formaður stjórnar skal kosinn sérstaklega.
Þá skal kjósa 9 manna bókmenntaráð. Formaður þess skal og kosinn sérstaklega.
Ennfremur eru tveir endurskoðendur kosnir á aðalfundi.
7. gr. Stjórn félagsins skuldbindur félagið, og er undirskrift þja stjórnarmanna nægileg í þeim efnum. Hefur stjórn félagsins heimild til þess að taka lán fyrir félagið og veðsetja eignir þess.
Stjórnin ræður framkvæmdastjóra með prókúru-umboði.
8. gr. Bókmenntaráð skal vera stjórninni og framkvæmdastjóra til ráðgjafar um val útgáfubóka félagsins og annað, er lýtur að megin tilgangi félagsins.
9. gr. Endurskoðendur fara yfir reikninga félagsins, sem stjórn og framkvæmdastjóri skulu útbúa í hendur þeim.
Reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

10. gr.

Samþykktum þessum verður aðeins breytt á fundum fulltrúaráðs, þar sem mættir eru $2/3$ ráðsins og $2/3$ viðstaddra fulltrúa greiða breytingunni atkvæði.

Ákvæði til bráðabirgða:

Í upphafi mynda stofnendur félagsins fulltrúaráð þess, og skal $1/3$ þeirra ganga úr ráðinu hvor tvö fyrstu árin samkvæmt hlutkesti.

Ár 1955, föstudaginn 4. feb., kl. 4 e.h. var framhaldsstofnfundur bókmenntafélags haldinn í Reykjavík í veitingastofu Naustsins, uppi.

Mættir voru Bjarni Benediktsson, ráðh., Jóhann Hafstein, bankastj., Birgir Kjaran, hagfr., Eyjólfur K. Jónsson, st.jur., Gunnar Thoroddsen, borgarstj., Loftur Bjarnason, útg.m., Davíð Ólafsson, fiskim.stj., Pétur Ólafsson, blaðam., Þorv. G. Kristjánsson, lögfr., Guðm. G. Hagalín, skáld, Haukur Thors, forstj., Matthías Jóhannessen, st.mag., Guðm. Benediktsson, lögfr., Davíð Stefánsson, skáld, Jóhannes Nordal, hagfr., Kristmann Guðmundsson, skáld, Gunnar Gunnarsson, skáld, Þorkell Jóhannesson, háskóla- rektor, Ragnar Jónsson, forstjóri, Valtýr Stefánsson, ritstjóri, Alexander Jóhannesson, prófessor, Lárus Jóhannesson, hestaréttarlögm., Karl Kristjánsson, alpm., Magnús Jónsson, alpm. Jónas G. Rafnar, alpm., Ásgeir Pétursson, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Geir Hallgrímsson, lögfr.

Bjarni Benediktsson, ráðh. setti fund og stjórnaði honum.

Lýsti fundarstjóri því yfir, að Þórarinn Björnsson, skólam. hefði tjáð sig fúsan til að gerast stofnandi. Þá samþykkti fundurinn Þorstein M. Jónsson, forseta bæjarstjórnar Akureyrar, og Trausta Einarsson, prófessor, sem stofnendur.

Var síðan gengið til umræðu um lög félagsins

grein fyrir grein.

Um 1. gr., og þá sérstaklega heiti félagsins. Komu fram eftirfarandi tillögur um heiti félagsins: Frón, Bragi, Baldur, Nanna, Skjöldur, Dögun, Almenna bókmenntafélagið, Edda, Menningarfélagið, Hugur og tunga, Nýja bókmenntafélagið, Almenna bókafélagið o.fl.

För síðan fram skrifleg skoðanakönnun meðal félagsmanna um heiti félagsins og dreifðust atkvæði nokkuð, en mest fylgi virtist hafa Almenna bókmenntafélagið, Nýja bókmenntafélagið og Frón með skýringarorðum. Var þessari grein, 1. gr., frestað, hvað nafn fél. snerti en gr. samþ. að öðru leyti samhlj.

2. gr. var samþykkt í einu hljóði.

3. gr. var samþykkt í einu hljóði.

4. gr. var samþykkt í einu hljóði.

5. gr. var samþykkt í einu hljóði með þeirri breytingu, að aðalfund fulltrúaráðs skyldi halda í marz-apríl mánuði ár hvert.

6. gr. var samþykkt samhljóða með þeirri breytingu, að einnig skyldi kjósa tvo menn í varastjórn.

7. gr. var samþykkt samhljóða.

8. gr. var samþykkt þannig í einu hljóði: Bókmenntaráð skal ráða vali útgáfubóka félagsins með samþykki stjórnar og vera stjórninni til ráðgjafar um annað, er hlýtur að megintilgangi félagsins.

9. gr. var samþykkt í einu hljóði.

10. gr. var samþykkt í einu hljóði með eftirfarandi viðbót: "enda sé getið um tillögur til laga-breytinga í fundarboði".

Ákvæði til bráðabirgða var samþykkt samhljóða með eftirfarandi viðbót: "Fyrsti aðalfundur félagsins skal haldinn í marz eða aprílmánuði 1956."

Að þessu búnu var gengið til atkvæða um lög in í heild að undanteknu heiti félagsins og voru lög in samþykkt í einu hljóði. Eru lög in í heild fest inn í fundargerðarbók þessa hér á eftir.

Hófust þá kosningar.

Formaður stjórnar var kosinn samhljóða: Bjarni Benediktsson, ráðh.

Í stjórn voru kosnir: Alexander Jóhannesson, Jóhann Hafstein, Karl Kristjánsson og Þórarinn Björnsson, samhljóða atkvæðum.

Formaður bókmenntaráðs var kjörinn Gunnar Gunnarsson, skáld, og með honum í ráðið þeir: Birgir Kjaran, Davíð Stefánsson, Guðm. G. Hagalín, Jóhannes Nordal, Kristján Albertsson, Kristmann Guðmundsson, Tómas Guðmundsson, Þorkell Jóhannesson, allir í einu hljóði.

Í varastjórn voru kosnir: Davíð Ólafsson og Geir Hallgrímsson, en endurskoðendur: Lárus Jóhannesson og Ragnar Jónsson.

Þeir Bjarni Benediktsson og Gunnar Gunnarsson þökkðu það traust, sem þeim hafði verið sýnt.

Þeir Davíð Stefánsson, Alexander Jóhannesson og Gunnar Gunnarsson lögðu til að frestað yrði að gefa félaginu nafn. Var sú tillaga samþykkt í einu hljóði.

Gunnar Gunnarsson kvaddi sér hljóðs og benti á nauðsyn þess að félagið fengi samastað sem fyrst. Jafnframt

lagði ræðumaður áherzlu á, að starfsemi félagsins yrði jákvæð og óháð öllu nema baráttunni fyrir sannleikanum. Lauk ræðumaður máli sínu með því að þakka Bjarna Benediktssyni forgöngu hans í þessu máli og óskaði félaginu heilla á ókomnum árum.

Guðm. G. Hagalín þakkaði forgöngumönnum og benti á fýrða þætti í starfsemi bókmenntafélagsins, t.d. stuðning við unga rithöfunda eins og Gunnar Gunnarsson hafði minnt á.

Bjarni Benediktsson lýsti nokkuð nánar tilgangi félagsins og væntanlegri starfsemi þess. Lagði hann áherzlu á, að allir stofnendur legðu fram sinn skerf, til þess að efla félagið og stuðla að því, að tilgangi þess verði náð. "Okkur skortir ekki góða hugsjón og ég vona, að okkur skorti ekki góðan vilja, en allra sízt má okkur skorta það, sem við eigum sjálfir fram að leggja, dugnað til að vinna það verkefni, sem við höfum tekið að okkur", sagði Bjarni Benediktsson að lokum.

Ákveðið var að gera ekki kunnugt um stofnun félagsins opinberlega, fyrr en nafn þess væri ákveðið og helzt fyrstu útgáfubækur þess.

LÖG FYRIR BÓKMENNTAFÉLAG.

1. gr. Félagið heitir
Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr. Tilgangur félagsins er að vinna að alhliða menningarstarfsemi á þjóðlegum grundvelli, fyrst og fremst með bóka- og tímaritsútgáfu.
3. gr. Félagar geta allir orðið, enda greiði þeir áskilið árgjald til félagsins.
Félagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram árgjald sitt.
4. gr. Í félaginu er fulltrúaráð, skipað 27-36 mönnum, og hefur það æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meðlimir fulltrúaráðs eru kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs til þriggja ára, þannig að 1/3 þeirra gengur úr ráðinu árlega, og skal þá allt fulltrúaráðið kjósa jafn marga í þeirra stað. Fulltrúa má endurkjósa.
5. gr. Fundi fulltrúaráðs skal boða með viku fyrirvara. Aðalfund fulltrúaráðs skal halda í marz- eða apríl- mánuði ár hvert.
6. gr. Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins, og skal hún skipuð 5 mönnum og 2 til vara. Formaður stjórnar skal kosinn sérstaklega.
7. gr. Stjórn félagsins skuldbindur félagið, og er undirskrift 3ja stjórnarmanna nægileg í þeim efnum. Hefur stjórn félagsins heimild til þess að taka lán fyrir félagið, og veðsetja eignir þess.
Stjórnin ræður framkvæmdastjóra með prókúru- umboði.
8. gr. Bókmenntaráð skal ráða vali útgáfubóka félagsins með samþykki stjórnar og vera stjórninni til ráðgjafar um annað, er lýtur að megintilgangi félagsins.
9. gr. Endurskoðendur fara yfir reikninga félagsins, sem stjórn og framkvæmdastjóri skulu útbúa í hendur þeim.
10. gr. Samþykktum þessum verður aðeins breytt á fundum fulltrúaráðs, þar sem mættir eru 2/3 ráðsins og 2/3 viðstaddra fulltrúa greiða breytingunni atkvæði, enda sé getið um tillögur til lagabreytinga í fundarboði.

Ákvæði til bráðabirgða:

Í upphafi mynda stofnendur félagsins fulltrúaráð þess, og skal 1/3 þeirra ganga úr ráðinu hvor tvö fyrstu árin samkvæmt hlutkesti.

Fyrsti aðalfundur félagsins skal haldinn í marz- eða aprílmánuði 1956.

Ár 1955, fimmtud. 17. feb. kl. 11 f.h. var stjórnarfundur Bókmenntafélagsins haldinn á skrifstofu menntamálaráðherra.

Stjórnarfundur hafði dregið vegna veikinda Jóhanns Hafstein og fjarveru Þórarins Björnssonar, en ekki þótti fært að fresta fundinum lengur og mættu því á stjórnarfundum auk annarra aðalmanna, Bjarna Benediktssonar, Alexanders Jóhannessonar og Karls Kristjánssonar, varamenn í stjórn þeir Davíð Ólafsson og Geir Hallgrímsson.

Formaður setti fundinn.

Fyrsta mál á dagskrá var ráðning framkvæmdastjóra fyrir félagið og gerði formaður það að tillögu sinni, að Eyjólfur K. Jónsson, stud.jur., yrði ráðinn. Gat form. þess, að Eyjólfur væri sem staði í próflestri, en mundi ljúka prófi bráðlega, og gæti hann þá væntanlega af alhug snúið sér að framkvæmdastjórastörfunum. Var samþykkt með samhljóða atkvæðum, að ráða Eyjólf K. Jónsson sem framkvæmdastjóra, ef um semst.

Framkvæmdastjóra var falið að útvega félaginu bráðabirgða húsnæði.

Þá var þeim, sem undirbúið höfðu stofnun félagsins, Bjarna Benediktssyni, Jóhanni Hafstein, Birgi Kjaran, Eyjólf K. Jónssyni og Geir Hallgrímssyni, falið að gangast fyrir stofnun hlutafélags til þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll Bókmenntafélagsins.

Rætt var um nafn félagsins, tímaritaútgáfu og aðra starfsemi.

Formaður gat þess, að bókmenntaráðið væri að hefja starfsemi sína og væri væntanlega hægt að segja nánar frá bókmenntaráðinu á næsta stjórnarfundum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson (sign.)

Alexander Jóhannesson (sign.)

Karl Kristjánsson
(sign.)

Davíð Ólafsson (sign.)

Geir Hallgrímsson
(sign.)

Ár 1955, föstudaginn 18. febrúar var fundur haldinn í bókmenntaráði Bókmenntafélagsins. Fundinn setti formaður ráðsins, Gunnar Gunnarsson, kl. 4²⁰ e.h. í Sjálfstæðishúsinu í Rvk.

Auk formanns voru mættir: Tómas Guðmundsson, Kristmann Guðmundsson, Þorkell Jóhannesson, Birgir Kjara og Jóhannes Nordal. Þá var og mættur Eyjólfur K. Jónsson.

Formaður innleiddi umræður um bókaval. Kvað hann hlutverk félagsins hljóta að verða hvort tveggja að gefa út þjóðlegar bókmenntir og sígild erlend verk. Þá gat hann sérstaklega þeirra hugmynda, er hann hefði fram að bera þegar í upphafi. Meðal þeirra var, að reyna að fá Ásgrím Jónsson til að rita sjálfsæfisögu sína. Þá minntis hann á ýmis erlend verk, m.a. bækur, sem fjölluðu um þjóðfélagsmál.

Formaður tilkynnti, að bréf hefði borizt sér, þar sem þrjár bækur væru boðnar. Sú fyrsta um norræna myndlist. Þá er bókin Ísland, sú þriðja er ritgerðasafn eftir Kristján Albertsson. Bréf þetta var frá Ragnari Jónssyni og vísast nánar til þess.

Birgir Kjara taldi, að tvær hinar fyrst nefndu bækur væru fremur heppilegar sem kjörbækur en félagsbækur. Kristmann Guðmundsson tók í sama streng og taldi að einnig bæri að gefa út erlendar bókmenntir. Minntist hann m.a. á Bromfield og Morgan.

Tómas Guðmundsson taldi, að þjóðlegt sjónarmið hlyti að ráða miklu.

Jóhannes Nordal benti á að heppilegt væri að ákveða í upphafi meginrætti um útgáfuna, áður en miklar umræður færu fram um einstakar bækur.

Allmiklar umræður urðu um Albert Schweitzer og voru menn á einu máli um, að æskilegt gæti verið að gefa út einhverja bók um hann.

Fram komu hugmyndir um fýmsa höfunda aðra. Jóhannes Nordal taldi að af og til bæri í framtíðinni að gefa út bækur um hið vestræna þjóðskipulag. Minnstist hann m.a.á. bók Stevensons.

Þorkell Jóhannesson taldi æskilegt, að ein slík bók yrði gefin út í haust, en einnig yrði að gefa út eitt erlent skáldverk. Voru menn á einu máli um þetta.

Þá var nokkuð rætt um íslenzka bókmenntasögu, og fleiri innlend verk, þ.á.m. ritgerðasafn Kristjáns Albertssonar, sem áður er getið og smásagnasafn. Jafnframt var rætt um æfisögu Ásgríms og ákveðið að beina þeirri ályktun til stjórnar félagsins, að þess yrði farið á leit við Ásgrím Jónsson, að hann létu félaginu í té söguna, sem hann ritaði sjálfur eða rituð yrði eftir honum.

Þá var ákveðið, að menn reyndu að kynna sér til næsta fundar, hvaða erlend skáldrit helzt kæmu til greina.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Gunnar Gunnarsson (sign.)

Fundur í bókmenntaráði föstudaginn 25. febr.
1955.

Fundurinn var settur í Sjálfstæðishúsinu í Rvk. kl. 4 e.h. Mættir voru: Gunnar Gunnarsson, Tómas Guðmundsson, Kristmann Guðmundsson, Jóhannes Nordal, Birgir Kjaran og Guðmundur G. Hagalín.

Auk þeirra var mættur Eyjólfur K. Jónsson.

Birgir Kjaran kvað sig hafa tilkynnt formanni félagsins þá ákvörðun síðasta fundar, að þess yrði farið á leit við Ásgrím Jónsson, að hann léti félaginu í té útgáfurétt að æfisögu sinni. Kvað Birgir formanninn hafa tekið hugmynd þessari mjög vel og hefði hann borið hana undir aðra stjórnarmenn, sem verið hefðu á sama máli. Ákveðið, að formaður bókmenntaráðs hlutaðist til um, að þessari málaleitun yrði komið á framfæri við Ásgrím hið fyrsta.

Þá voru umræður um erlendar bækur, einkum skáldverk, en ekki teknar endanlegar ákvarðanir. Einnig var rætt um innlend verk, en ekki voru heldur teknar um þau ákvarðanir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Gunnar Gunnarsson (sign.)

Ungu skáldin.

Almenna bókafélagið ákveður að efna til útgáfu á ritum ungra skálda og rithöfunda. Í þessum flokki má gefa út verk höfunda, sem eru 30 ára eða yngri, svo og frumsmíðar eldri manna.

Bókmenntaráð Almenna bókafélagsins tekur ákvarðanir um útgáfubækur í þessum flokki, en getur kvatt til samráðs nefnd ungra manna.

Almenna bókafélagið ákveður jafnframt að veita verðlaun fyrir þau verk, sem skara fram úr í þessum flokki. Skulu verðlaunin vera kr. 25.000.- og óháð greiðslum fyrir birtingu verksins. Skulu þau veitt eftir að bókin er komin út. Ekki má veita verðlaunin oftari en einu sinni á ári og engum höfundum nema í eitt skipti.

Ákvörðun um veitingu verðlaunanna tekur bókmenntaráð Almenna bókafélagsins, en því aðeins má veita þau, að 2/3 hlutar allra bókmenntaráðsmanna séu því samþykkir í leyfilegri atkvæðagreiðslu.

Bókaflokkurinn nefnist
og verðlaunin



Allir, sem gerast félagsmenn í Almenna bókafélaginu fyrir áramót, teljast til stofnenda.



Bókafélagið ætlar sér engan hagnað að hafa af starfsemi sinni. Öllu fé þess verður varið í þágu félagsmanna.



Framtíð félagsins er komin undir fjölda þátttakenda, en takmarkið er: Bækur bókafélagsins á sérhvert íslenskt heimili.



Árið 1956 fá félagsmenn 5 úrvalsbækur fyrir aðeins 150 krónur. Vonandi verður þátttakan svo mikil, að bjóða megi enn betri kjör næstu ár.



Félagsmenn geta fengið myndabókina „Ísland“ fyrir aðeins 75 krónur innbundna. Hún kostar aðra 130 krónur.

Almenna bókafélagið



Tilgangur Almenna bókafélagsins er að efla menningu þjóðarinnar, bókmenntir og listir.

Bókaútgáfa félagsins og önnur starfsemi verður miðuð við hæfi alls almennings.

**GANGIÐ Í
ALMENNA BÓKAFÉLAGIÐ**

**ALMENNA BÓKAFÉLAGIÐ
FÉLAG ALLRA ÍSLENDINGA**

Ávarp til Íslendinga

Almenna bókafélagið er til þess stofnað að efla menningu þjóðarinnar með útgáfu úrvalsrita í fræðum og skáldskap og veita mönnum kost á að eignast þau með eins vægum kjörum og unnt reynist. Verður af því tilefni hafin söfnun áskrifenda um land allt og er til þess ætlað, að fyrstu bækurnar geti borizt félagsmönnum í hendur á öndverðum næsta vetri.

Hér verður því ekki við komið að ræða útgáfuáætlun félagsins í einstökum atriðum, en stjórn þess mun að sjálfsögðu gera nánari grein fyrir henni annars staðar. Að sinni skal aðeins sagt, að félagið mun telja sér skylt að velja til útgáfu þær bækur einar, sem að beztu manna yfirsýn eru til þess fallnar að veita lesendum sínum hlutlausu fræðslu eða listrænanan unað. Væntir félagið sér að geta, er stundir líða, átt heillavænlegt frumkvæði að ritun ýmissa þeirra bóka, sem þjóðinni megi verða varanlegur fengur að, auk þess sem kostað verður kapps um að fá góð rit heimsbókmenntanna færð í íslenzkan búning.

Það er öllum mönnum vitanlegt, að þjóð vorri er nú, að rofinni einangrun landsins og nýfengnu sjálfstæði, margur vandi á höndum í menningarefnum, og geta örlög hennar um langa framtíð oltíð á því, hversu til tekst um stefnu hennar á næstu árum. Fyrir því er henni fátt mikilvægara en að gera sér sanna og rétta grein fyrir kjörum sínum og öllum aðstæðum. Auðsæ rök liggja að sama skapi til þess, að félag vort mun í bókavali sínu hafa umfram allt það tvennt í huga að kynna Íslendingum andlegt líf og háttu samtíðarinnar og glæða áhuga þeirra og virðingu fyrir menningar-erfðum sínum, sögu, þjóðerni og bókmenntum.

Vér, sem kjörnir höfum verið fyrstir stjórnendur og bókmenntaráðsmenn félagsins, höfum skiptar skoðanir á mörgum hlutum, og er raunar þarflaust að láta slíks getið um frjálsa menn. En um það erum vér allir sammála, að hamingja þjóðarinnar sé undir því komin, að jafnan megi taka-ast að efla menningarþroska hennar og sjálfsvirðingu, og væntir Almenna bókafélagið þess að geta átt þar hlut að máli. Treystum vér því, að samhugur alls þorra almennings með þessum megin-tilgangi endist félaginu til æskilegs brautargengis og giftusamlegra átaka.

Í stjórn

Almenna bókafélagsins

Bjarni Benediktsson

formaður

Alexander Jóhannsson

Stjarnkaptein

Kaflakvíslarson

Þórir Þórisson

Í bókmenntaráði

Linnar Gunnarsson

formaður

Þingbjörg

Dáni Stefánsson

Leifur Erlendsson
Jóhannes Kordel

Þórir Alþósson

Kristmann Guðmundsson

Tommas Guðmundsson

Jónas Jóhannsson

Stjórnin hefur með höndum umsjón með dagleg-um rekstri félagsins og fjárhagsafkomu þess.

Bókmenntaráðið velur útgáfubækurnar og er stjórninni til ráðgjafar um annað, er lýtur að tilgangi félagsins.

Íslandssaga eftir Jón Jóhannesson



Almenna bókafélagið mun á fyrsta ári gefa út fyrri bindi sögu Íslands fram að síðaskiptum eftir Dr. Jón Jóhannesson, prófessor. Dr. Jón er slíkur fræðimaður, að enginn mun efast um, að saga hans verður stórmerkt rit að lærdómi og frásögn og ómissandi öllum, sem unna Íslenskri sögu, en hingað til hefur lítið verið ritað að gagni um seinni hluta þess tímabils, sem hann fjallar um. Bókafélagið hefur í hyggju að gefa síðar út tvö bindi í viðbót, er nái yfir sögu síðari alda. Þegar því verki er lokið, munu Íslendingar hafa eignast í fyrsta sinn ýtarlega sögu þjóðar sinnar, ritaða af hinum traustustu fræðimönnum, en þó ekki lengri en svo, að hún eigi erindi til allrar alþýðu.

Ævisaga Ásgrims Jónssonar



Ásgrímur Jónsson er einn ástsælasti listamaður, sem Íslenska þjóðin hefur eignast. Með hinum dásamlegu málverkum sínum hefur hann opnað augu þjóðar sinnar fyrir nýrri skynjun á náttúru landsins og fegurð. Almenna bókafélagið hefur fengið Tómas Guðmundsson skáld til að skrúsetja endurminningar þessa stórbrotna listamanns, sem um leið er öllum mönnum hugljúfari og hjartahreinni. Bókin verður skreytt myndum af ýmsum málverkum listamannsins. — Með þessari bók hyggst félagið hefja útgáfu ævisagna Íslenskra afbragðsmanna fyrir og síðar.

Grát, ástkæra fósturmold

EFTIR ALAN PATON



Grát, ástkæra fósturmold er ný skáldsaga, sem farið hefur sigurför um heiminn. Í henni er lýst lífi og tilfinningum svertingja í Suður-Afríku á ógleymanlegan hátt og mönnum gefin innsýn í hin hörmulegu kynþáttavandamál. Fyrst og fremst er bókin þó heillandi skáldsaga, þrungin dramatískri spennu og sterkum mannlýsingum. Stíll sögunnar er líkastur ljóði, seyðandi og fagur, og lesandanum finnst hann skynja bak við orðin ægifygurð og viðáttu Afríku og nema hjartaslög þeirra þjóða, sem hana byggja. Höfundurinn er ungur Suður-Afríkumaður. — Andrés Björnsson hefur þýtt söguna á Íslensku.

Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum

EFTIR ANTS ORAS



Eistlenskur háskólakennari lýsir í þessari bók á sterkan og raunsejan hátt hinum miklu hörmungum, sem gengið hafa yfir þessa smáþjóð, ógnþrungnu hernámi Þjóðverja og miskunnarlausri innlimun landsins í Sovétríkin. Hörmungar síðustu styrjaldar, þegar heilar þjóðir voru hnepptar í þrældóm og milljónir manna létu lífið í fangabúðum og gasklefum, hafa sljövgað tilfinningu manna um allan heim, svo margir vilja helst reyna að gleyma þessari skuggahlið siðmenningarinnar. Í bók sinni minnir prófessor Oras á einn þeirra harmleikja, sem of fáir muna nú eftir, útpurrkun hinna frelsisunnandi smáþjóða við Eystrasalt. — Séra Sigurður Einarsson hefur þýtt bókina.

Hver er sinnar gæfu smíður

HANDBÓK EPIKTETS



Þessi litla bók er ein af þeim grísk-rómverskra bókmennta, þrungin mannviti og snjöllum athugunum. Er hún sett saman af einum lærisveina heimspekingsins Epiktets, en hann var meðal fremstu fulltrúa hinnar stóisku kenningar. Epiktet kenndi mönnum, að sjálfsafneitun, þolgæði og skyldurækni væri leiðin til farsæls lífs, menn skyldu varast að sækjast eftir því, sem þeir geta ekki öðlazzt, heldur temja huga sinn og tilfinningu til að una því, sem er. Mörg orð hins forna spekings eiga beina leið að hjarta nútímamanna, sem kynnt hafa skelfilegum afleiðingum taumlausrar ofsatrúar. — Dr. Broddi Jóhannesson hefur þýtt bókina og skrifað formála að henni.


Ísland



Í bók þessari eru nýjar myndir frá Íslandi, bæði af landi og þjóð, og eru margar þeirra í litum. Allar eru myndirnar afburðavel teknar, en prentun þeirra ber mjög af öllu, sem áður hefur sézt í Íslenskum myndabókum. Einkum eru litmyndirnar undurfagrar. Með þessari bók eignast Íslendingar loks myndabók um land sitt og þjóð, sem hefir hinu stórbrotna efni og mun verða til sóma hvar sem er í heiminum, en kjörgrípur á Íslenskum heimilum. Gunnar Gunnarsson skáld ritar ávarp, en inngang og skýringar hefur dr. Sigurður Þórarinnsson samið. — Bók þessa geta félagar í Almenna bókafélaginu fengið innbundna fyrir kr. 75,00, en hún kostar annars kr. 130,00.



Úr Njálssögu. Gunnar og Kolskeggur á kveðjustund.



Ásgrímur Jónsson

Ásgrímur Jónsson: En episode fra Njáls Saga. Akvarel, 25×32 cm., 1916. Ásgrímur Jónssons Samling, Reykjavík. Ásgrímur Jónsson (1876—1958) var en pioner indenfor moderne islandsk malerkunst. Hans motiver er fortrinsvis hentet fra Islands natur; men også folkesagnene har været ham en stor inspiration. Kunstneren testamenterede det islandske folk en mængde kunstværker foruden sit hus og hjem. Hans Samling blev åbnet i hans atelier og hjem den 5. nov. 1960.

Ásgrímur Jónsson: An episode from Njáls Saga. Water colour, 25×32 cm., 1916. Ásgrímur Jónsson Gallery, Reykjavík. Ásgrímur Jónsson (1876—1958) was a pioneer of modern painting in Iceland. His main theme is the nature of the country and Icelandic folklore. The artist bequeathed a large number of paintings with his house and home to the people of Iceland. The Ásgrímur Jónsson Gallery was opened in his house on November 5th 1960.